

**Ed. 539. Frumvarp til laga [338. mál]**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Víðines í Beruneshreppi, Suður-Múlasýslu.

Flm.: Jón Kristjánsson, Helgi Seljan, Egill Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Gunnari Guðmundssyni, Lindarbrekku, eyðijörðina Víðines í Beruneshreppi, Suður-Múlasýslu.

Við söluna skal fylgt ákvæðum 3.—5. mgr. 38. gr. jarðalaga, nr. 65 31. maí 1976, sbr. l. nr. 90 30. maí 1984.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Frumvarp þetta er flutt að beiðni Gunnars Guðmundssonar, bónda á Lindarbrekku í Beruneshreppi. Jörðin Víðines hefur verið í eyði frá árinu 1944 og eru engin mannvirki á jörðinni. Síðustu áratugi hefur Gunnar haft jörðina á leigu, en Lindarbrekka er nýbýli úr landi Berufjarðar og Eyjólfstaða. Jörðin Lindarbrekka er lítil og búskaparskilyrði þar erfið. Hafa afnot af landi Víðiness því bætt úr brýnni þörf bóndans á Lindarbrekku fyrir aukið land og er það ósk hans að fá jörðina Víðines keypta og tryggja þannig afnot Lindarbrekku af þessu landi.

Hreppsnefnd Beruneshrepps og jarðanefnd Suður-Múlasýslu hafa mælt með því að jörðin verði seld Gunnari Guðmundssyni og fylgja meðmæli nefndanna með frumvarpi þessu sem fylgiskjöl.

**Fylgiskjal I.**

Landbúnaðarráðuneytið  
Arnarhvoli  
101 Reykjavík.

Karlstöðum, 17. des. 1984.

Hreppsnefnd Beruneshrepps ítrekar fyrri ályktanir sínar um jörðina Víðines í Beruneshreppi.

Sótt hefur verið um að landsnyttjar Víðiness falli undir jörðina Lindarbrekku, með sölu eða langtímaleigu. Mjög landþröngt er á Lindarbrekku og þar eru nú að fara fram kynslóðaskipti og nýir ábúendur að taka við. Færi vel á að gengið væri frá þessum jarðnæðismálum nú.

Víðines fór, sem kunnugt er, í eyði upp úr 1940 og getur aldrei orðið sjálfstæð bújörð á nútímavísi vegna legu sinnar og skorts á ræktunarlandi. Jörðin hefur, síðan hún fór í eyði, verið nytjuð frá Fossárdalsbændum og nú um árabíl frá Lindarbrekku sem einnig er háð landsnyttjum í Fossárdal.

Bent skal á að jörðin Víðines er að mestu fjalllendi og hentar allvel til sumarbeitar búfjár. Þar er einnig fremur erfitt að gera fjallskil og mundi best fyrir þeim séð með því að jörðin væri sameinuð annarri jörð (Lindarbrekku) til frambúðar.

Virðingarfyllst,  
f. h. hreppsnefndar Beruneshrepps,  
Sigurður Þorleifsson,  
oddviti Beruneshrepps.

## Fylgiskjal II.

Jarðanefnd Suður-Múlasýslu.

Lindarbrekku, 10. des. 1984.

### **Úr fundargerð jarðanefndar 8. des. 1984:**

„Rætt var um sölu á jörðinni Víðinesi í Beruneshreppi. Jarðanefnd hefur áður fjallað um nauðsynleg afnot á landi Víðiness til handa bændunum á Lindarbrekku. Lítur nefndin svo á að nauðsynlegt og eðlilegt sé að jörðin verði seld þessum aðilum eða þeim tryggður varanlegur afnotaréttur. Um þetta var m. a. bókað í fundargerð jarðanefndar 16. apríl 1982 á þá leið að búskapur á Lindarbrekku sé mjög háður afnotum af landi Víðiness og hvetur til að sá afnotaréttur verði tryggður til frambúðar.

Fyrir fundinum liggur uppkast að frumvarpi til laga, samið og sent af landbúnaðarráðuneytinu, í þá veru að Gunnar Guðmundsson, Lindarbrekku, fái keypta jörðina Víðines.

Nefndin mælir eindregið með að jörðin verði seld honum.“

Virðingarfyllst,  
f. h. jarðanefndar,  
Gunnar Guðmundsson.

Afrit sent landbúnaðarráðuneytinu og þingmönnum Austurlands.